

Verklagsreglur vegna vanskila foreldra/forsjármanna varðandi þjónustu við börn

Hlutverk

Hlutverk verklagsreglna þessara er að tryggja að börn verði ekki af nauðsynlegri grunnþjónustu vegna erfiðrar fjárhagsstöðu eða skuldavanda foreldra og er lokaúrræði skuldara eftir að búið er að reyna til þrautar aðrar leiðir.

Ferli

Forsenda þess að uppsögn sé frestað er að skuldari panti viðtal hjá félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð. Skuldari fær staðfestingu um viðtalsbókun hjá þjónustumiðstöð til þess að virkja frest á uppsögn hjá innheimtustjóra. Á viðtalsdegi lætur félagsráðgjafi innheimtustjóra vita ef skuldari hefur mætt í bókað viðtal og undirritað upplýst samþykki fyrir samstarfi velferðarsviðs og skóla- og frístundsviðs um aðstoð honum til handa. Mæti skuldari ekki í viðtalið virkjast uppsögnin aftur.

Skuldari skilar nákvæmum upplýsingum um tekjur, eignir og útgjöld til félagsráðgjafa á þjónustumiðstöð sem liggja til grundvallar mati á því hvort skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt verklagsreglum þessum séu uppfyllt ásamt faglegu mati á félagslegum aðstæðum og að teknu tilliti til barnaverndarsjónarmiða

Réttur skuldara til annarrar aðstoðar við lausn á greiðsluvanda skal kannaður til þrautar áður en mat er lagt á aðstæður skuldara.

Við mat á greiðsluvanda skuldara skal miða við tekjur skuldara og maka hans síðasta mánuð áður en sótt er um og mánuðinn þar á undan. Til tekna teljast atvinnutekjur, aðrar skattskyldar tekjur, allar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, innlendum og erlendum lífeyrissjóðum, sjúkrasjóðum stéttarfélagi, barnabætur, mæðra- og feðralaun, vaxtatekjur, fjármagnstekjur, hlunnindi og annað sem teljast má til tekna.

Við mat á greiðslugetu skuldara skal hafa framfærsluviðmið Umboðsmanns skuldara til viðmiðunar, auk þess sem tekið skal tillit til annarra fastra útgjalda, s.s. rafmagns, hita, trygginga, húsaleigu, leikskólagjalda, fasteignagjalda og fleira samkvæmt greiðsluseðlum.

Að loknu faglegu mati á félagslegum og fjárhagslegum aðstæðum skuldara og að teknu tilliti til barnaverndarsjónarmiða skilar félagsráðgjafi álit um félagslegar aðstæður, greiðsluvilja og greiðslugetu skuldara til þess að greiða vangoldin gjöld hjá skóla- og frístundasviði ásamt tillögu að samningi um greiðslu vanskila og áfallandi reikninga með hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Tillaga félagsráðgjafa getur meðal annars falið í sér beiðni um að afskrift vanskila verði send til afskriftarnefndar. Innheimtustjóri skóla – og frístundasviðs metur tillögur félagsráðgjafa og vísar erindinu áfram til sviðsstjóra sem tekur ákvörðun um hvort gerður verði samningur og/eða mælt verði með afskrift vanskila við afskriftarnefnd.

Samþykkt í borgarstjórn 17. desember 2013